

Hafnarfjarðarbær
Vt. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Kópavogi, 17. febrúar 2014

Efni: Beiðni um lækkun gatnagerðargjalda

Fyrir hönd lóðareiganda á Herjólfsgötu 30-34 og með vísan í 6. grein í samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað nr.955/2007 ásamt áorðnum breytingum nr.476/2012, er sótt um lækkun gatnagerðargjalda vegna þéttingar byggðar.

Til stendur að reisa 20-30 íbúða fjölbýlishús á reitnum og munu framkvæmdir hefjast á árinu. Gróf verkáætlun gerir ráð fyrir eftirfarandi ferli:


1. Deiliskipulagsferli lýkur - maí 2014
2. Hönnun lýkur - ágúst 2014
3. Framkvæmdir hefjast - ágúst 2014
4. Framkvæmdum lýkur og afhending íbúða - vor 2016

Herjólfsgata 30-34 er í grónu hverfi og því mikilvægt að uppbygging á þessum reit gangi hratt og örugglega fyrir sig. Allt stoðkerfi bæjarins er til staðar og kostnaður því lægri en þegar um nýbyggingarhverfi er að ræða. Þetta gefur aukið tilefni til lækkunar á gatnagerðargjöldum.

Að lokum má benda á að gatnagerðargjöld í Hafnarfirði eru töluvert hærri, samkvæmt gjaldskrá, en í nærliggjandi sveitafélögum. Einnig er byggingarkostnaður í sögulegu hámarki saman borið við söluverðmæti.

Því er mikilvægt, til að ýta undir byggingu húsnæðis í Hafnarfirði, að gatnagerðargjöld verði lækkuð til samræmis við önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingafyllst fh, lóðarhafa:



Hjalti Gylfason

Hafnarfjarðarbær
Dag: 20.2.2014
Íslandsnr: 1402287
Bréfala: 512